

**Á íþróttthreyfingin á Íslandi að líða fyrir íþróttastarfið í Armeníu?
Svar til Sveins Arnarssonar um forvarnargildi íþróttastarfa.**

Í síðasta tölublaði birtist grein eftir Svein Arnarson þar sem hann veltir upp spurningum um hvernig forvarnarfé nýtist best? Inntak greinarinnar er að Sveinn setur fram efasemdir um forvarnargildi íþróttastarfs ungmenna er varðar reykingar og neyslu áfengis. Röksemdafærsla hans byggir á því að þar sem ekki er hægt að sýna fram á forvarnargildi íþróttastarfs í öllum þeim 40 löndum, sem þátt tóku í ESPAD könnun meðal nemenda í 10. bekk árið 2007, þá þurfi að setja varnagla við að settir séu peningar til þess hjá íþróttafélögum á Íslandi. Þessu heldur Sveinn fram þrátt fyrir að sú könnun sem hann vitnar til sýni eindregið fram á forvarnargildi skipulags íþróttastarf á Íslandi, á ofangreindum þáttum. Sveinn tekur meira að segja fram að “Íslendingar standa sig best” af þeim 40 löndum sem þátt tóku í könnuninni. Þvert á það sem Sveinn ályktar þá styður sú könnun, sem hann vitnar til, kannanir og rannsóknir síðustu 20 ára sem hafa sýnt fram á ótvírætt forvarnargildi skipulags íþróttastarfs hér á landi. Ég ætla hér að reyna að svara nokkrum þeirra spurninga sem Sveinn setti fram í grein sinni í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvort eðlilegt geti talist að peningar skattgreiðanda fari að einhverju leyti til íþróttastarfa í nafni forvarna.

Í fyrsta lagi spyr Sveinn hvers vegna skipulagt íþróttastarf hefur ekki sama forvarnargildi í ýmsum öðrum löndum (eins og í Armeníu, Portúgal og Rúmeníu) og á Íslandi - eins og fram kemur í ESPAD könnuninni. Í því samhengi þurfum við að átta okkur á því að íþróttir eru félagslegt fyrirbæri og því félagslega ákvarðaðar og skilyrtar. Það er ekkert í eðli sjálfs athæfisins, til dæmis að kasta bolta í körfu, sem hefur forvarnargildi er varðar reykingar eða neyslu vímuefna. Heldur skiptir mestu í hvers konar umgjörð, samhengi og tilgangi athæfið á sér stað. Þetta hafa innlendar rannsóknir ítrekað sýnt. Til dæmis sýna rannsóknir að þau ungmenni sem stunda skipulagt íþróttastarf, innan íþróttafélaga hér á landi, eru ólíklegri til að reykja og nota vímuefni en þau ungmenni sem ekki stunda skipulagt íþróttastarf. Aftur á móti eru þau ungmenni sem stunda eingöngu íþróttir utan íþróttafélaga líklegri til þess að nota vímuefni en þau ungmenni sem engar íþróttir stunda. Slíkar niðurstöður sýna hve háð forvarnargildi íþróttastarfa er þeim félagslegu kringumstæðum sem ákvarða þátttökuna hverju sinni. Íþróttameningin skiptir máli þar sem hefðirnar, gildi starfsins, hæfni og menntun þjálfara og þátttaka foreldra ráða ferðinni og gera íþróttastarfið á einum stað ólíkt því sem það er á öðrum.

Í öðru lagi varpar Sveinn fram þeirri spurningu hverjir veljast í íþróttir – þar sem gefið er í skyn að þau ungmenni sem eru ólíklegri til að nota vímuefni stundi íþróttir frekar en önnur ungmenni. Rannsóknir hér á landi hafa ekki greint slíkt “val” á þeim sem

þátt taka í skipulögðu íþróttastarfi, þó ekki sé hægt að útiloka allt í þeim efnum. Rannsóknir hafa aftur á móti sýnt að forvarnargildi skipulags íþróttastarfs nær helst til þeirra ungmenna sem mest þurfa á því að halda, þ.e. til þeirra sem eru í mestum áhættuhópi með að nota vímuefni.

Í þriðja lagi spyr Sveinn hvað sé besta forvörnin? Skipulagt íþróttastarf er ekki eina athæfi ungmenna sem býr yfir einhvers konar forvarnargildi. Margs konar annað uppbyggilegt starf ungmenna gerir það. Þetta er því spurning sem erfitt er að svara með óyggjandi hætti. Því það eru margir þættir sem koma saman og virka sem forvarnir gegn notkun vímuefna. Tengsl milli uppeldis- og fjölskylduþátta, áhrifa vana og jafningja, lífsstíls sem og tómstundastarfs og afþreyingar eru margbrotin. En til að reyna að svara spurningunni þá hefur skipulagt íþróttastarf sannað sig sem öflug forvörn í þessu samhengi og í samanburði við margs konar annað athæfi ungs fólks. Ekki einungis er kemur að forvörnum gegn vímuefnanotkun heldur hefur verið sýnt fram á að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur margs konar félagslegan, sálrænan og líkamlegan ávinning í för með sér. En hvort skipulagt íþróttastarf sé besta forvörnin skal ósagt látið.

Að lokum vil ég benda á að tilgangur þessarar greinar er ekki draga úr gagnrýnni umræðu heldur að koma umræðunni í réttan farveg. Í því sambandi langar mig að benda á alvarlega rökvillu sem Sveinn gerist sekur um í grein sinni. Að þó að rannsóknir sýni að íþróttahreyfingin á Íslandi sé að sinna miklu forvarnarstarfi meðal barna og ungmenna þá eigi að endurskoða fjármagn til þess starfs vegna þess að skipulagt íþróttastarf í einhverjum öðrum löndum hefur ekki sama forvarnargildi. Slíkri röksemdafærslu mætti líkja við að refsa Jóni fyrir eitthvað sem Gunna gerir. Einnig skýtur skökku við að Sveinn sé að armæðast út í að fjármagn sé sett í forvarnarstarf íþróttafélaga hér á landi, þar sem íþróttahreyfingin hefur einmitt sýnt fram á umtalsverðan árangur í því sambandi - og ætti því kannski fremur að vera umbunað fyrir góðan árangur en véfengd.

Að þessu sögðu má svara upphaflegu spurningu Sveins með þeim hætti að forvarnarfé nýtist best þar sem það skilar mestum árangri. Forvarnargildi íþróttastarfs hefur sannað gildi sitt hér á landi og hefur verið umfjöllunarefni fjölda fræðabóka, skýrslna og vísindagreina. Hluta þeirra má nálgast á heimasíðu rannsóknarmiðstöðvar innan Háskólans í Reykjavík sem heitir Rannsóknir og greining www.rannsoknir.is. Ég vil hvetja alla til að kynna sér þær viðamiklu upplýsingar sem liggja fyrir um forvarnargildi íþróttastarfs - því ekki viljum við að ósekju láta íþróttahreyfinguna á Íslandi líða fyrir það hvernig íþróttastarfinu er háttað í Armeníu.

Dr. Viðar Halldórsson

Lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands.